

Borgarbyggð

b.t. Gunnlaugs A. Júlíussonar, sveitarstjóra

Borgarbraut 14

Borgarnesi.

10. apríl 2017.

Varðar: Útboð á sorphirðu og rekstri móttökustöðva í Borgarbyggð 2017-2022.

Ég vísa til bréfs míns fyrir hönd Íslenska gámafélagsins ehf. dags. 3. apríl sl. vegna þeirrar ákvörðunar Borgarbyggðar að hafna tilboði félagsins á sorphirðu og rekstri móttökustöðva í Borgarbyggð 2016-2021. Áréttuð eru mótmæli við þeirri ákvörðun en umbj. minn telur þá ákvörðun hafa verið ólögmeata og að hann hafi orðið fyrir tjóni vegna þeirrar ákvörðunar sveitarfélagsins. Þá er ítrekuð sú krafa að Borgarbyggð sendi mér þegar ítarlega kostnaðaráætlun yfir verkið.

Þá tilkynnist að umbj. minn hyggst taka þátt í útboði Borgarbyggðar á sorphirðu og rekstri móttökustöðva í Borgarbyggð 2017-2022, en tilboð í það verk verða opnuð þann 18. apríl n.k. Umbj. minn tekur fram að með þátttöku í því útboði fellur umbj. minn ekki frá fyrirhugaðri málssókn gegn sveitarfélaginu til greiðslu skaðabóta vegna þeirrar ákvörðunar að hafna tilboði félagsins í sorphirðu og rekstur móttökustöðva í sveitarfélaginu 2016-2021. Umbj. minn mun halda þeim kröfum til streitu og hefur m.a. í hyggju að óska eftir mati dómkvaddra matsmanna á eðlilegri kostnaðaráætlun í verkið og tjóni félagsins vegna ákvörðunar sveitarfélagsins.

Virðingarfyllst,


Þorsteinn Einarsson, hrl